



VIÐ MIÐLUM SANNRI UPPLIFUN

VERKFÆRI: LEIÐARLJÓS SAMSKIPTA



AUSTURLAND

ÁFANGASTAÐURINN AUSTURLAND / SAMSKIPTI OG MIÐLUN

Sögunni um Austurland deilum við til umheimsins og okkur sjálfra með samskiptum og miðlun.

Leiðarljós samskipta er eitt af okkar grundvallarverkfærum. Samskipti tengjast svo mörgu, í raun nær öllu - markaðsefni okkar, upplýsingagjöf, merkingum og myndmáli. Þau hafa einnig áhrif á hvernig við miðlum vörum okkar og reynslu og hvernig fram-komu við sýnum í tengslum við þjónustu og gestrisni.

Leiðarljós samskipta byggir á leiðarljósi vörumerkisins (brand platform). Það skýrir á hvaða hátt við viljum lýsa Austurlandi, bæði í rituðu máli og sjónrænt. Það er nytsamlegt verkfæri til að byggja upp góð og skilvirk samskipti.

HVAR EIGUM VIÐ AÐ BYRJA?

Þegar við tjáum okkur um Austurland þá þurfum við að byrja á vettvangi – hér heima. Við þurfum að leggja áherslu á miðlun innan Austurlands.

Þetta er taktísk ákvörðun svo við búum yfir sameiginlegum skilningi á hvað við erum að segja og hvernig við gerum það. Fyrst þurfum við að byggja undir þá sögu sem við viljum segja. Þegar sagan lifnar við eignast hún framhaldslíf.

Þegar við höfum nýtt okkur leiðarljós samskipta innan fjórðungs dreifir sagan sér sjálf áfram, ásamt sérstökum aðgerðum út á við.

HVERJA ERUM VIÐ AÐ TALA VIÐ?

Við þurfum alltaf að hafa hugfast hverja við erum að eiga samskipti við. Hafið í huga hverja við höfum skilgreint sem viðtakendur, þ.m.t. gestir okkar, okkur sjálf og mögu-legir nýir íbúar. Við viljum að samskipti okkar og tjáning heilli gesti okkar, en um leið fyllumst við stolti yfir því hver við erum og hvar við búum.

HVAÐ ÆTTUM VIÐ AÐ SEGJA?

Við viljum leggja áherslu á, frá mismunandi sjónarhornum, uppruna okkar og einstaka staðbundna eiginleika. Með því að miðla fjölbreytileika okkar verður áfangastaðurinn okkar áhugaverður og lifandi.

Við segjum sannar sögur og ekta. Þær geta verið byggðar á öllu því sem Austurland hefur yfir að búa og bjóða. Ekki eingöngu út frá sjónarhóli ferðamannsins, heldur einnig í tengslum við hversdagslíf þess fólks sem býr og vinnur á Austurlandi. Ímyndaðu þér að sögurnar, með leiðarljósi vörumerkisins í forgrunni, skrásetji Austurlandi.

Oftast tengjast sögurnar fólki. Lykilorðið er ástríða.

Markmið okkar er að finna áhugaverðar sögur að segja. Við miðlum því sem við höfum og því sem er til. Við þurfum oft að skilgreina og slípa til því sem við deilum.

Sögurnar sem við deilum gerast á öllum árstíðum og eru frá mismunandi sjónarhornum.

ÁFANGASTAÐURINN AUSTURLAND / OKKAR RÖDD

TÓNFALL RADDAR OKKAR

Það er ekki bara hvað við segjum, heldur hvernig við segjum það.

Tónfall raddar okkur lýsir því hvernig við lýsum Austurlandi og hægt er að skynja persónuleika okkur í gegnum miðlun okkar. Það er nokkurs konar DNA fyrir sameiginlega rödd okkur.

Við alla miðlun á vörumerkinu Austurland* er mikilvægt að tónfall tjáningar okkar sé samfelt og einkennandi.

Fyrst og fremst þá tjáum við okkur í samræmi við gildi og loforð vörumerkisins. Skilvirk leið til að meta miðlun okkar og tjáningu er að bera þær saman við leiðarljós vörumerkisins. Tala þau saman?

UPPLIFUN

Við markaðssetjum ekki vörur heldur miðlum við ekta upplifun.

Í DAG

Miðlun okkur um Austurland er í takt við líðandi stund.

LENGRA

Við lýsum ekki bara myndinni heldur förum við handan við það augljósa og segjum sögurnar sem búa að baki henni.

ÁSTRÍÐA

Það er bit eða dýpt í tjáskiptum okkar sem nær til fólks þannig að ástríðan skín í gegn.

STOLT

Við erum stolt þegar við tjáum okkur um Austurland.

VIRÐING

Við getum verið full sjálfstrausts í miðlun okkar en aldrei hrokafull eða ókurteis. Við sýnum ætluðum viðtakendum og Austurlandi virðingu. Við vanmetum ekki gáfur viðtakenda okkar.

GESTRISNI

Við viljum vera vingjarnleg og mannleg. Markmið okkar er að skapa langtíma sambönd og samræður.

ÁFANGASTAÐURINN AUSTURLAND / RÖDDIN OKKAR

MISMUNANDI RADDIR OKKAR

Samskipti okkar helgast af innihaldinu. Við notumst við mismunandi raddblæ sem hæfa hverju markmiði fyrir sig.

Leiðarljós samskipta lýsir þremur mismunandi stigum af samskiptum eða röddum. Hvenær og hvernig við notum þessar mismunandi raddir byggir á miðlinum, hvort um sé að ræða upplýsingaskilti, póst á samfélagsmiðli eða grein á heimasíðu okkar eða prentað efni.

AÐ VERA Á STAÐNUM:

Einkennisrödd okkar er ætlað að skapa athygli. Í henni er bit svo að samskiptin skera sig úr óreiðunni og viðtakandinn tengist þeim. Sem dæmi um hana eru sjónræn skilaboð með úthugsuðum og klárum tilvísunum, andstæður í tjáningu eða aðrar leiðir. Einkennisröddin hjálpar einnig til að gera það sem miðlað er minnisstætt.

TENGJA:

Annað stig samskipta okkar er ætlað að fá lesandann til að tengjast/taka þátt. Um getur verið að ræða ritstýrður texti fullur af hugmyndaríkum frösum sem hjálpa til við að skilja þá reynslu sem verið er að miðla. Markmiðið er að fá lesandann til að upplifa reynsluna og ástríðuna. Við leggjum metnað í að viðtakandinn fyllist löngun til að lesa áfram. Markaðsefni af þessari gerð býður fólki að taka næsta skref.

UPPLÝSA:

Þetta stig helgast meira af innihaldinu. Því er ætlað að skýra og veita upplýsingar. T.a.m. að útskýra hvernig hægt er að hafa samband eða nálgast upplýsingar sem lesandinn þarfnast. Markaðsefni af þessari gerð leiðbeinir lesandanum um hvernig næstu skref eru stigin. Jafnvel þó að textinn byggist að mestu á upplýsingum þá er raddblær okkar enn mikilvægur. Við höfum líka tækifæri hér til að hafa áhrif á textann þannig að hann sé skynjaður á mismunandi hátt.

ÁFANGAÐURINN AUSTURLAND / MYNDEFNIÐ OKKAR

Myndefni sem við notum leikur lykilhlutverk í samskiptum okkar og miðlun.

Ljósmyndir af Austurlandi eru mjög mikilvæg viðbót, líklegasta sú mikilvægasta, við miðlun okkar og samskipti. Myndir vekja innblástur, forvitni og tilfinningar.

Okkar markmið er að nota myndefni sem styrkir enn frekar skilaboðin sem við viljum senda okkar markhópum. Við látum myndirnar um að tala sínu máli og höldum texta í lágmarki.

Hvaða myndir við notum ræðst af aðstæðum og markmiðum. Við leggjum áherslu á það sem er einstakt á Austurlandi. Náttúran hér býður upp á frábærar landslagsmyndir sem við skulum nota, en hugsum einnig lengra. Við notum lands-lagið sem bakgrunn og leggjum áherslu á að miðla þeim einstöku upplifunum sem Austurland býður upp á.

Við grípum og miðlum áhugaverðum sögum um ástríðufullt fólk. Markmið okkar er að nota sterkar og aðlaðandi ljósmyndir sem voru teknar á líðandi stund.

Við forðumst uppstilltar myndir. Við reynum að nota gesti okkar og íbúa á ljós-myndunum og stefnum að því að á myndunum sé fólk sem á í samskiptum og er að upplifa andartakið.

Við reynum að finna sjónrænar lausnir sem leiða til þess að fólk hugsir lengra en nákvæmlega það sem myndin sjálf sýnir.

LJÓSMYNDATUNGUMÁLIÐ OKKAR

Ljósmyndatungumálið okkar tengist náíð mismunandi röddum okkar. Í grófum dráttum þá fylgja mismunandi gerðir af myndum sömu leiðbeiningum og vegna raddgerðanna.

AÐ VERA Á STAÐNUM:

Þessi gerð af ljósmynd á að leggja áherslu á að skapa hughrif. Megintilgangurinn er að byggja upp og viðhalda tilfinningatengslum við viðtakendur okkar. Við viljum að íbúar okkar finni fyrir stolti og gestir okkar aðdáun. Myndin er ekki eingöngu sjónræn upplýsing heldur hreyfir við tilfinningum áhorfandans. Við leitum að augnablikum, sjónarhornum, tímum sólarhringsins og veðurskilyrðum sem draga að og vekja forvitni. Ljósmyndin er alltaf sönn en í henni er líka auka segulmagn. Hún stendur ein og sér og kemur til skila ástríðu.

TENGJA & UPPLÝSA:

Þessi gerð bætir við meiri sjónrænum upplýsingum. Myndirnar eru sjónræn fram-setning á því sem við viljum miðla um Austurland, hjálpa til við að hvetja til frekari áhuga og auka skilning á einstökum svæðum okkar og upplifunum. Þessi gerð af myndum hjálpar til við að skilgreina sérstök augnablik og staði. Þær auðvelda áhorfandanum að ímynda sér sig sjálfan á staðnum. Hafðu í huga sjónarhorn og viðfang myndarinnar og hvernig hægt er að gera hana einstaka og eðlilega orkumikla.

ÁFANGASTAÐURINN AUSTURLAND / MYNDEFNIÐ OKKAR

ALMENNAR LJÓSMYNDALEIÐBEININGAR

- *Hafið í huga að tengsl séu milli þeirra skilaboða sem búa í myndinni og leiðarljósa vörumerkisins.*
- *Gangið úr skugga um að ljósmyndin búi yfir þeim gæðum sem tilgreind eru í ljósmyndatungumálinu okkar.*
- *Tengið náttúru og virkar aðstæður og dragið fram samskipti milli fólks.*
- *Notið myndir af heimamönnum eða gestum eftir því sem samhengið kallar á.*
- *Sýnið allar árstíðir til að leggja áherslu á fjölbreytni og einstakar upplifanir árið um kring.*
- *Notið ekki ljósmyndir sem of mikið er að gerast á.*
- *Notið ekki ljósmyndir af fólki sem eru greinilega uppstilltar.*
- *Sýnið aðgát við notkun sía (filtera) eða annarra áhrifa (effecta).*
- *Notið ekki ljósmyndir sem á er greinileg dagsetning.*

LEYFISMÁL

Hugið alltaf að réttinum til að nota ljósmynd. Verkefnið um Áfangastaðinn Austurland á ljósmyndabanka sem stöðugt er verið að uppfæra, í honum eru ljósmyndir sem má nota.

Það hvort að nafn ljósmyndarans skuli fylgja þegar myndir er birtar helgast af samkomulagi. Almenna reglan er að tiltaka ljósmyndarann, annað hvort við myndina sjálfa eða neðanmáls.

Mikilvægt er að hafa í huga að við leggjum áherslu á að það myndefni sem notað er í markaðssetningu á Austurlandi sé af þeim stöðum þar sem leyfi eru fyrir myndatöku. Á viðkvæmum stöðum og þar sem aðgengi er skert er mikilvægt að fá leyfi landeiganda áður en myndefni er birt.

ÁFANGASTAÐURINN AUSTURLAND / LEIÐBEINANDI ATRIDI FYRIR MYNDATÖKUR

VIÐ ERUM LIFANDI:

- *Ljósmyndir eru einlæggar og fanga tilfinninguna fyrir því að vera á staðnum.*
- *Forðist augnsamband, hvetjið þá sem verið er að taka mynd af að vera á hreyfingu og skemmta sér.*
- *Reynið að mynda úr augnhæð eða fyrir neðan viðfangið. Farið nálægt og fyllið út í rammann.*

VIÐ MIÐLUM SANNRI UPPLIFUN

ÚTI

Photo: Ingvi örn Þorsteinsson.

REYNIÐ ÞETTA



- Að mynda augnablikið inn á milli.
- Að sýna tilfinningar og spennu.
- Að sýna landslagið.
- Að fanga sanna og einlæga upplifun.
- Að fanga einlægni og gleði.

FORÐIST ÞETTA



- Uppstilltar myndir.
- Engar tilfinningar.
- Myndir sýna ekki landslag.
- Engin samskipti.
- Að horft sé beint í myndavélina.

ÁFANGASTAÐURINN AUSTURLAND / LEIÐBEINANDI ATRÍÐI FYRIR MYNDATÖKUR

VIÐ SEGJUM SÖGUR:

- *Hvaðan kemur maturinn? Hvernig er hann eldaður?*
- *Leitið að leiðum til að sýna fólk að sýsla með mat.*
- *Myndið fólk í augnablikinu og forðist augnsamband í eðlilegum senum.*
- *Takið myndirnar frá persónulegu sjónarhorni.*
- *Notið lýsingu sem hæfir stemmningunni.*

VIÐ MIÐLUM SANNRI UPPLIFUN

MATUR

Photo: Óbyggðasetur Íslands

REYNIÐ ÞETTA



- Að fanga tilfinninguna fyrir þátttöku og skuldbindingu.
- Upplifun sem höfðar til skynfæranna.
- Eðlileg samskipti milli fólks.
- Hreyfingu.
- Fyrir alla.

VIÐ MIÐLUM SANNRI UPPLIFUN

FORÐIST ÞETTA



- Myndir sem virðast uppstilltar.
- Of lítið er í rammanum.
- Sjónarhorn að ofan, það skapar fjarlægð.
- Ekki nógu mikið að gerast.

MATUR

ÁFANGASTAÐURINN AUSTURLAND / LEIÐBEINANDI ATRÍÐI FYRIR MYNDATÖKUR

VIÐ ERUM VIRK:

- *Ljósmyndir draga áhorfandann til sín.*
- *Stórfenglegt landslag skapar fullkomið baksvið fyrir þá athöfn sem fókusinn er settur á.*
- *Viðfangið er ekki í miðju rammans, þannig fær landslagið betur notið sín.*

VIÐ MIÐLUM SANNRI UPPLIFUN

ÚTIVIST

Photo: Óbyggðasetur Íslands

REYNIÐ ÞETTA



- Að fanga tilfinninguna fyrir þátttöku og skuldbindingu.
- Upplifun sem höfðar til skyngfæranna.
- Eðlileg samskipti milli fólks.
- Hreyfingu.
- Fyrir alla.

VIÐ MIÐLUM SANNRI UPPLIFUN

FORÐIST ÞETTA



- Uppstilltar myndir.
- Of lítið er í rammanum.
- Sjónarhorn að ofan sem skapar fjarlægð.
- Ekki nógu mikið að gerast.

ÚTIVIST

VIÐ ERUM SAMAN:

- *Ljósmyndir deila sögunni um austfirskt samfélag.*
- *Eðlileg hreyfing lætur áhorfandann finnast hann vera viðstaddur.*
- *Allir saman og skemmtilegt.*

SAMFÉLAG OG MENNING

REYNIÐ ÞETTA



- Áhrifamikil lýsing.
- Ótrúlegar staðsetningar.
- Sýnir samfélag í eðlilegum kringumstæðum.
- Upplifun sem höfðar til skynfæranna.
- Skapar tilfinningu um að vera á staðnum.

FORÐIST ÞETTA



- Ein manneskja.
- Uppstillt.
- Að horft sé í myndavélina.
- Engin hreyfing.

LJÓSMYNDATÆKNI



ÞRIÐJUNGSREGLAN

- Staðsetjið viðfangið eða fókusinn þar sem línur skerast
- Notið þetta sem viðmið, það þarf ekki að fylgja þessu til hins ýtrasta. Þetta skapar flóknari samsetningu og augu áhorfandans fara yfir alla myndina. Gefur myndinni meiri dýpt.

DÝPT MYNDFLATAR

- Prófið að nota vítt ljósop (t.d. 2.8) til að skapa grunna myndflatardýpt.
- Bakgrunnur er úr fókus en viðfangið skýrt.
- Leyfir áhorfendum að fókusa á viðfangið.
- Verður meira eins og málverk.
- Mjög gott fyrir andlitsmyndir.

BAKLÝSING

- Myndið inn í ljósið til að skapa skemmtilegan hugblæ.
- Myndið þegar sólin er lágt á lofti (við sólarupprás eða sólarlag) svo að sólin baklýsi viðfangið.
- Prófið að yfirlýsa aðeins svo að viðfangið verði bjart.

SÝNIR MYNDIN ÓÆSKILEGA HEGÐUN FERÐAMANNA?

Utanvegaakstur

- ✓ Ökutæki greinilega lagt/stöðvað utan bílastæðis eða vegar
- ✓ Torfæruhjól í viðkvæmu landi
- ✓ Fjallahjól (reiðhjól) í viðkvæmulandi
- ✓ Torfæruhjól á mjóum stígum (sem einungis eru ætlaðir göngufólki eða reiðmönnum)
- ✓ Göngufólk utan merktra stíga
- ✓ Göngufólk í viðkvæmu landi
- ✓ Smábíl á torfærum vegi / erfiðar vetraraðstæður
- ✓ Illa búna ferðamenn í rib-bátum
- ✓ Standa of nærri hverum/utanstíga á hver-asvæðum
- ✓ Klifra í klettum án öryggisbúnaðar
- ✓ Fara óvarlega um mosabreiður

- ✓ Fara nálægt fuglavarpi
- ✓ Að ekki sé hangið utan í ökutækjum á ferð
- ✓ Að allir farþegar í bílum séu í bílbeltum
- ✓ Hestaferð utan reiðvega/stíga eða á viðkvæmu landi
- ✓ Að hlaða vörður í náttúrunni
- ✓ Ferðamenn að hirða grjót/jurtir/annað úr náttúrunni
- ✓ Kveikja opinn eld á grónu svæði
- ✓ Húsbíll (camper) að gista utan tjaldsvæða
- ✓ Ferðamenn að fóðra villt dýr (eða bara dýr almennt – hestamenn ekki hrifnir af brauðhestum)
- ✓ Standa í fjöruborði við mikið brim
- ✓ Standa of nærri háum björgum/fossi
- ✓ Standa á klaka/ísjaka í vatni

VIÐ MIÐLUM
SANNRI UPPLIFUN

Áfangastaðurinn Austurland
Verkfæri: Leiðarljós samskipta
Ver 2 / Okt 2017

CONTACT:

info@destinationausturland.com

Copyright © 2017

Áfangastaðurinn Austurland
Destination East Iceland
All rights reserved

Production:

Áfangastaðurinn Austurland
Daniel Byström
Chantal Anderson



AUSTURLAND

